


Atvinnuleysi og hlutabætur

Apríl 2020



Alþýðusamband Íslands



Hröð aukning atvinnuleysis

Í dag birti Vinnumálastofnun mánaðarskýrslu sína með uppbroti á atvinnuleysi í marsmánuði. Skýrslan er sú fyrsta sem Vinnumálastofnun birtir eftir að hún hóf að greiða hlutabætur samkvæmt nýjum bráðabirgðarákvæði sem tók gildi um miðjan mars.

Reikna má með því að áhrif þess að hluti vinnumarkaðarins hefur stöðvast sé ekki að fullu kominn fram í tölum um fullt atvinnuleysi þar sem launafólk á í flestum tilfellum 1-3 mánaða uppsagnarfrest og uppsagnir miðast við mánaðarmót. Þeir sem var misstu störf sín í mars koma því ekki inná atvinnuleysisrátt fyrir en í maí, í tilfelli mánaðaruppsagnarfrests, eða júlí hjá þeim sem hafa þriggja mánaða uppsagnarfrest.

Þá hefur hlutabótaúrræðið stuðlað að því að fyrirtæki geti haldið ráðningarsambandi við starfsfólk sitt á meðan óvissan er sem mest og mun hluti þess að vonum ganga til baka um leið og samkomubanni léttir og hægt verður að hefja eðlilega starfsemi margra fyrirtækja á ný.

Afleiðingar kórónuveirufaraldursins á vinnumarkaði koma því að líkindum ekki að fullu fram í atvinnuleysistöllum fyrr en í sumar.

Atvinnuleysi hefur aukist hratt á undanfönum vikum. Atvinnuleysi meðal þeirra sem eru að fullu án atvinnu var 5,7% í mars, sem er það mesta síðan 2012 en það jafngildir því að 14.200 manns hafi verið án atvinnu að fullu í mánuðinum sem er fjölgun um ríflega 5.000 manns á frá fyrra mánuði. Því til viðbótar voru um 24.400 manns í skertu starfshlutfalli í mars sem jafngildir 3,5% atvinnuleysi í mánuðinum, en lög um hlutabætur tóku gildi frá og með miðjum marsmánuði.


Í heildina mældist atvinnuleysi því 9,2% í marsmánuði sem er svipað og þegar atvinnuleysi var sem mest í kjölfar efnahagshrunsins. Þó ber að athuga að nú eru virk ráðningarsambönd að baki þeim sem fá greiddar hlutabætur og miklu skiptir að viðhalda tengslum milli starfsfólks og atvinnurekenda eins og kostur er.

Type something

Mest atvinnuleysi á Suðurnesjum

Á Suðurnesjum er atvinnuleysi mest. Í mars er fullt atvinnuleysi þar 9,6%, og hækkar í það úr 9,1% í febrúar. Minnsta er atvinnuleysi á Norðurlandi vestra þar sem fullt atvinnuleysi er 2,5%. Hlutfallslega jókst atvinnuleysi mest á Suðurlandi þar sem það fór ú 3,6% í 4,4% milli mánaða.

Fullt atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu fór úr 5% í febrúar í 5,9% í mars. Atvinnuleysi er því mest, og hefur aukist mest, á þeim landsvæðum þar sem vægi ferðapjónustu er mikið.




Fjölgun meiri hjá íslenskum ríkisborgurum

Meðal erlendra ríkisborgarar var 13,8% atvinnuleysi í mars. Í lok mars voru 4.856 erlendra ríkisborgar án atvinnu sem er u.þ.b. fjórðungs aukning milli mánaða en þeir voru 3.906 í lok febrúar. Fjölgun meðal erlendra borgara er þó hlutfallslega minni en hjá íslenskum ríkisborgurum sem fjölgaði á atvinnuleysisrá úr 5.860 í 9.365 milli mánaða eða um tæp 60%.

Þróunin síðastliðin tvö ár hefur gegnumgangandi verið sú að hlutur erlendra ríkisborgara hefur farið vaxandi en nú

gerist það í annað skiptið á þremur mánuðum að aukning er meiri hjá íslenskum ríkisborgurum.

Í lok mars voru rúmlega 6.200 konur atvinnulausar, eða 44% allra atvinnulausra, og tæplega 8 þúsund karlar (56%). Undanfarið árið hafa karlar verið um 55% atvinnulausra og konur 45% og hlutföll kynjanna í mars því í samræmi við atvinnuleysi síðustu 12 mánuði og hlutföll þeirra á vinnumarkaði.




Hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli


33 þúsund manns hafa nú sótt um hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli til Vinnumálastofnunar frá því að opnað var fyrri umsóknir þann 25. mars síðastliðinn. 13 þúsund umsækjendur, eða um 40%, starfa í ferðapjónustu en 7 þúsund í verslunum eða um fimmtungur.

Í öllum landshlutum, utan Vestfjarða og Norðurlands eystra, koma flestar umsóknir um hlutabætur úr ferðapjónustu eða verslun. Á Vestfjörðum eru fiskveiðar, -eldi og -vinnsla þeir þeir gearar sem flestir leita í úrræði úr, rúm 30% hlutabótaumsókna. Á Norðurlandi eystra eru flestar, og nánast jafnmargar umsóknir, úr iðnaði og verslun og er hvor greinin fyrir sig að baki 18% umsókna í landshlutanum.

Skipting hlutabótaumsókna dreifist um landið í ágætu samræmi við hlutfallslega skiptingu fjölda starfandi eftir landshlutum á síðasta ári. Heldur fleiri umsóknir koma af Suðurnesjum en vægi landshlutans var af starfandi á síðasta ári og órlítið meira af höfuðborgarsvæðinu.



33 þúsund
Umsóknir hafa borist vegna skerts starfshlutfalls




Fjöldi umsókna eftir atvinnugreinum og landshlutum.

Uppruni umsækjenda

Ríflega 25 þúsund íslenskir ríkisborgarar eru meðal umsækjenda um hlutabætur, eða um 76%. Hlutfallið er breytilegt eftir landshlutum en hæst á Norðurlandi eystra, 82%. Hlutfall íslenskra ríkisborgara af starfandi einstaklingum var enda hæst á Norðurlandi eystra árið 2019, 88%, en á landsvísu var hlutfallið 80%.

Um átta þúsund þeirra sem sótt hafa um hlutabætur eru erlendir ríkisborgarar, þar af eru Pólverjar rúmlega 3.300.

Tíundi hver sem leitar í úrræðið er því frá Póllandi og 14% borgarar annarra ríkja. Hlutfall erlendra ríkisborgara sem sótt hefur um hlutabætur er þó meira á Suðurnesjum, Suðurlandi og Austurlandi eða rúmur þriðjungur umsókna borið við fjórðung yfir landið. Landssvæðin eiga það einnig sameiginlegt að ferðaþjónusta er að baki meginhluta umsókna, um helming á Suður- og Austurlandi og tæpum tveimur þriðju umsókna af Suðurnesjum.



Kynja- og aldursskipting

14.600 (44%) konur hafa sótt um hlutabætur en 18.500 karlar (56%). Á síðasta ári voru konur 47% starfandi og karlar 53%. Kynjaskipting hlutabótaumsókna er því nokkuð nærri þeirri á vinnumarkaðnum 2019 skv. skráargögnum Hagstofu. Mestur er munur kynjanna á Vestfjörðum þar sem karlar eru 63% umsækjenda og konur 37%. Jafnasta skiptingin er á Norðurlandi vestra sem konur eru 47% umsækjenda og karlar 53% umsækjenda.

Aldursskiptingin vinnumarkaðarins á síðasta ári endurspeglar að miklu leyti í aldursskiptingu umsækjenda um bætur vegna minnkaðs starfshlutfalls. Hlutfall af umsóknum minnkar með aldri. Helsta frávikið frá aldursskiptingu vinnumarkaðar síðasta árs er að rúmur fjórðungur umsókna er frá fólki á fertugsaldri samanborið við rúman fimmtung af starfandi árið 2019 skv. skráargögnum.

Öfug staða er hjá þeim sem eru á sjötugsaldri, en þeir leita minna í úrræðið en hlutur þeirra var af starfandi á síðasta ári. Dreifing umsókna á aldurshópa er svipuð um allt land þar sem hlutfall aldurshópa af umsóknum hvers landshluta sveiflast milli landshluta nokkur prósent kringum landsmeðaltal.



56%

18,500 karlar hafa sótt um hlutabætur



44%

14,600 konur hafa sótt um hlutabætur